

Ársskýrsla 2017 Reykjanesbær



Mótum fram tíðina saman

Reykjanesbær samanstendur af þremur framkvæmdasviðum, Fræðslusviði, Umhverfissviði og Velferðarsviði og tveimur stoðsviðum, Fjármálasviði og Stjórnáslusviði. Í þessar ársskýrslu er stiklað á stóru í starfseminni árið 2017, ásamt starfsemi Reykjaneshafnar.

Fræðslusvið

Á fræðslusviðinu starfar hópur fólks með fjölbreytta þekkingu og góða færni. Mikil áhersla er lögð á samvinnu ólíkra fagstétta og að fræðslusviðið veiti þverfaglega þjónustu. Hér er stiklað á stóru um helstu verkefni innan sviðsins:

Skólaþjónusta: Ein af megin áherslum starfsáætlunar fyrir árið 2017 var að halda áfram að þróa verklag skólaþjónustunnar með það fyrir augum að stytta biðtíma en á sama tíma að auka gæði þjónustunnar. Áfram var unnið að því að þróa þverfaglega þjónustu og var viðvera sérfræðinga sviðsins jafnframt aukin í leik- og grunnskólum. Dregið hefur úr fjölda barna sem

bíða eftir þjónustu og styttri bið er eftir aðkomu skólaþjónustunnar samanborið við fyrri ár.

Á árinu 2017 var haldið áfram að útfæra formlegt samstarf skólaþjónustunnar við ungbarnavernd HSS sem hófst í lok árs 2016. Markmið með samstarfinu er m.a. að þetta netið varðandi snemmtæka íhlutun hjá leikskólabörnum.

Fjölmennig: Unnið var að því á árinu að bæta enn frekar þjónustu við vaxandi fjölda barna af erlendum uppruna og var útgáfa handbókar um heildrænan stuðning við nemendur í íslensku sem öðru tungumáli mikilvægur áfangi í því efni. Endurskoðuð fjölmenningarstefna var ennfremur gefin út á árinu en að henni vann starfshópur sem skipaður var fulltrúum frá öllum sviðum.

Forvarnarstarf: Fræðslusviðið tók þátt í að styðja við verkefnið Heilsueflandi samfélag, sem gengur þvert á svið bæjarins, með virkri þátttöku í stýrihópi verkefnisins. Gott samstarf hefur verið



Þekking
færni
samvinna

Á Fræðslusviði starfar hópur fólks með fjölbreytta þekkingu og góða færni.



við FFGÍR sem staðið hefur fyrir margvíslegri forvarnarfræðslu og hefur íþrótt- og tómstundaráð stutt vel við hin ýmsu forvarnarverkefni. Fræðsluviðið stóð að nokkrum námskeiðum fyrir foreldra barna í leik- og grunnskólum á árinu 2017 og má þar meðal annars nefna námskeið fyrir foreldra barna með ADHD og námskeiðið Klókir litlir krakkar en það er ætlað foreldrum yngri barna sem eru farin að sýna fyrstu einkenni óöryggis og kvíða.

Íþróttir og tómstundir: Nokkur verkefni sem lúta að bættri aðstöðu íþrótt- og tómstundafélaga voru unnin á árinu. Lokið var við LED ljósavæðingu í keppnishúsunum okkar í Njarðvík og Keflavík ásamt því að endurnýja klukkur/stigatöflur. Nýr körfuboltavöllur var settur upp við Heiðarskóla. Þá opnuðu Skotfélag Keflavíkur og Pílufélag Reykjanesbæjar hvort um sig nýja aðstöðu á árinu 2017.

Hvatagreiðslur voru hækkaðar á árinu úr 15.000 kr. í 21.000 kr.

og unnið var að bættri upplýsingamiðlun með vefjunum Sumar í Reykjanesbæ og Vetur í Reykjanesbæ.

Skólauppbygging: Haldið var áfram að vinna að undirbúningi og hönnun á nýjum skóla sem mun rísa í Dalshverfi í Innri Njarðvík, Stapaskóla. Áfram var unnið að uppbyggingu í Háaleitisskóla og bætt við einum árgangi. Háaleitisskóli verður heildstæður grunnskóli með 1.-10. bekk frá og með haustinu 2018.

Vinabæjarsamstarf: Vinabæjamót í íþróttum hafa verið haldin árlega frá árinu 1973. Árið 2017 var röðin komin að Reykjanesbæ að halda mót. Fyrir valinu var golf og kepptu börn og ungmenni frá vinabæjum okkar, Kristiansand í Noregi, Trollhättan í Svíþjóð og Kerava í Finnlandi, ásamt golfiðkendum úr Reykjanesbæ.



Um hverfis svið

Árið 2017 var mjög viðburðarríkt hjá **Umhverfissviði**. Mikið var um framkvæmdir og fjöldi útgefinna byggingaleyfa ekki verið jafnmikill í rúman áratug. Að auki var gerð úttekt á sviðinu og í framhaldi unnið að því að laga ferla og gera almennar umbætur.

Umhverfissvið

Árið 2017 var mjög viðburðarríkt hjá Umhverfissviði. Mikið var um framkvæmdir og fjöldi útgefinna byggingaleyfa ekki verið jafnmikill í rúman áratug. Að auki var gerð úttekt á sviðinu og í framhaldi unnið að því að laga ferla og gera almennar umbætur.

Skipulagsmál: Á árinu var Gunnar Kr. Ottósson arkitekt ráðinn til Reykjanesbæjar sem skipulagsfulltrúi.

Í árslok voru 93 einbýlishúsa-, 3 parhúsa-, 2 fjölbýlishúsa- og 38 atvinnuhúsalóðir klárar til úthlutunnar. Átta tillögur um deiliskipulag fóru í gegn-

um umhverfis- og skipulagsráð á árinu og 33 erindi voru send í grenndarkynningu.

Byggingamál: Sveinn Björnsson byggingafræðingur og löggiltur aðalhönnuður var ráðinn til Reykjanesbæjar sem byggingafulltrúi.

Alls 214 byggingaáform voru samþykkt á árinu og þeim fylgja nokkrar úttektir, eftirfylgni og skýrslugerðir. Lóðaúthlutanir á árinu voru 89 og margoft kom til hlutkestis milli aðila sem sóttu um sömu lóð. Stærstu verkefni embættisins og þau mál sem tekið hafa mestan tíma eru Kísilverið í Helguvík, Ásbrúarsvæðið en þar hefur fjöldi eigna verið tekin í notkun. Þá hefur Hlíðarhverfi sprottið upp auk þess sem mikið er umframkvæmdir í Ása- og Dalshverfi.

Eignaumsýsla: Langstærstu verkefni Eignarumsýslu voru fyrir Fræðslusvið þar sem tekið var í notkun bráðabirgðaskóli við Dalsbraut og mjög mikill tími fór í hönnun og útboðsferli nýs grunnskóla í Dalshverfi (Stapaskóli). Af öðrum verkefnum má



Úttektir
framkvæmdir
leyfi

Alls 136 lóðir voru klárar til úthlutunar í árslok 2017.



nefna að hljóðvist var bætt í Akurskóla og Tjarnarsel, nýjum stofum bætt við Háaleitisskóla og nýtt húsnæði starfrækt undir Frístund Háaleitisskóla. Áfram var unnið í LED væðingu ljósgjafa. Alls 16 íbúðir voru standsettar fyrir Fasteignir Reykjanesbæjar til útleigu.

Umhverfisþjónusta: Nafni Þjónustumiðstöðvar var breytt í Umhverfismiðstöð á árinu. Helstu verkefni hennar eru almennt viðhald og rekstur gatna og opinna svæða. Helstu verkefni fyrir utan hefðbundin störf voru Njarðvíkurskógar, Dalshverfi, frágangur með kantstein á gangstéttum og malbikuðum stígum með lýsingu. Nýr grenndarleikvöllur var settur upp við enda Birkidals og við Heiðarskóla var sett undirlag á körfuboltavöll. Þá var unnið í gróðursetningum víða um bæinn.

Í vinnuskólanum var fjöldi nemenda 194 og voru flokkstjórar yfir þeim hóp 19 talsins. Þá voru 17 í garðyrkjudeild sumarið 2017. Í ár var í fyrsta sinn

farið í samstarfsverkefni með Fjölbrautarskóla Suðurnesja þar sem starfsgreinar voru kynntar nemendum og gafst þetta samstarf vel og líklegt að framhald verði á. Verkefnið heitir „Verknámssmiðjur – Látum verkin tala.“

Fráveita: Farið var í að greina ástand á völdum holræsarlögnum á árinu og víða gerðar endurbætur, sem haldið verður áfram með. Mikið verk er framundan í fráveitumálum Reykjanesbæjar með byggingu nýrrar hreinsistöðvar en ný reglugerð um fráveitumál munu leggja auknar kröfur á sveitarfélagið að fara í áttak í fráveitumálum.



Vel ferðar svið

Velferðarsvið vinnur út frá gildunum virðing, velferð og valdefling í þjónustu við notendur, í samskiptum og samstarfi innan sviðsins sem utan.

Velferðarsvið

Undir Velferðarsvið fellur:

barnavernd, sem veitir stuðningsúrræði skv. barnaverndarlögum, ásamt því að reyna eftir bestu getu að aðlaga stuðningsúrræði að þörfum fjölskyldna hverju sinni

fjölskyldumál, þar sem sérfræðingar fjölskyldumála sinna fjölþættri félagslegri ráðgjöf og stuðningi við einstaklinga og fjölskyldur, m.a. sértækri þjónustu við fatlað fólk

húsnæðismál; félagslegar leiguíbúðir ætlaðar einstaklingum og fjölskyldum sem ekki hafa tök á öðrum úrræðum fjölmening, íbúar Reykjanesbæjar eru frá 63 þjóðlöndum. Erlendir ríkisborgarar eru 20,4% íbúanna.

öldrunarmál; málefni aldraðra er ört vaxandi málaflakkur. Megnið af þjónustu við aldraða íbúa Reykjanesbæjar er staðsett á Nesvöllum. Áhersla er lögð á samfellu í þjónustu. Hér má nefna félagsstarf, dagdvöl og félagslega heimaþjónustu.

þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd, á meðan mál þeirra eru til afgreiðslu hjá íslenskum stjórnvöldum.

Á þessu ári var sérstök áhersla lögð á að efla forvarnir og snemmtæka íhlutun ólíkra hópa, m.a. með eftirfarandi hætti:

- aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir börn var aukið
- haldið var áfram með þróun eftirskólaúrræðis fyrir ungmenni með hegðunarraskanir sem ekki geta nýtt sér hefðbundið

Á þessu ári var sérstök áhersla lögð á að efla forvarnir og snemmtæka íhlutun ólíkra hópa.

Virðing
velferð
valdefling



eftirskólaúrræði í samstarfi við fræðsluvið

- fjölbættar heilsueflingar á sviði líkams- og heilsuræktar fyrir aldurshópin 65+ innleidd var í samstarfi við dr. Janus Guðlaugsson og fleiri aðila
- handleiðsla og fræðsla til starfsmanna var eflað
- innleiðing þjónandi forystu á velferðarsviði hófst

þannig að sem flestir lífeyrisþegar geti lifað sjálfstæðu líf.

Félagslegt húsnæði og húsnæðisbætur er málaflokkur sem fer vaxandi hjá sveitarfélaginu og á árinu hafa ýmsar breytingar gengið í garð sem verið er að innleiða í starfsemi og regluverk velferðarsviðs.

Af einstökum verkefnum sviðsins má nefna:

Stefnumótun í fjölmenningsmálum var unnin á árinu 2017 og fyrir liggur gerð framkvæmdaáætlunar á öllum sviðum Reykjanesbæjar í kjölfarið. Megináhersla er lögð á að Reykjanesbær byggi upp jákvætt fjölmenningslegt samfélag, þar sem hver og einn fær að nota styrkleika sína, menntun og færni, taka fullan þátt í samfélaginu.

Stefnumótun og framtíðarsýn í öldrunarþjónustu hófst á árinu. Áhersla var lögð á forvarnir, fræðslu, samstarf, velferðartækni og valdeflingu



Fjármála svið

Meginhlutverk **Fjármálasviðs** er að annast fjármálastjórn bæjarsjóðs og stofnana hans, söfnun, vinnslu og dreifingu upplýsinga fyrir stofnanir bæjarins, bæjarfulltrúa og bæjarbúa.

Fjármálasvið

Fjármálasvið hefur yfirumsjón með og stýrir vinnu við fjárhagsáætlun, sér um eftirfylgni og frávikagreiningu frá fjárhagsáætlun, ásamt kostnaðargreiningu. Miðlæg þjónusta sviðsins tekur til allra sviða bæjarins. Þær deildir sem falla undir sviðið eru hagdeild, innkaupadeild, launadeild og reikning.

Fjármálasvið var með 12 fastráðna starfsmenn í árslok 2017.

Meðal helstu verkefna sviðsins á árinu voru:

- Að útbúa mánaðarlegt yfirlit yfir tölulega þróun íbúa eftir hverfum, kyni og aldri.
 - Að útbúa mánaðarlegt yfirlit yfir tölulegar upplýsingar um þróun atvinnuleysis hjá Reykjanesbæ.
 - Að útbúa mánaðarleg uppgjör fyrir stofnanir bæjarins og í kjölfarið að heimsækja þær stofnanir mánaðarlega til að fara yfir uppgjorið og aðstoða forstöðumenn.
 - Að greina betur niður einstaka rekstrarliði hjá bæjarfélaginu.
 - Að taka inn bókhaldsdeild allra B hluta og aðlaga að bókhaldsferlum Reykjanesbæjar. Markmið að hámarka nýtingu kerfa og auka gagnsæi.
 - Að taka inn í hús árhlutauppgjör og ársuppgjör bæjarsjóðs.
 - Opið bókhald. Opið bókhald fór á netið í lok sumars 2017.
 - Innkaupamál. Talsvert var um örútboð. Reykjanesbær var eitt fyrsta sveitarfélagið sem fór í örútboð með námsgögn fyrir grunnskólanemendur.



Söfnun
vinnsla
dreifing

Miðlæg þjónusta Fjármálasviðs tekur til allra sviða bæjarins.



Stjórnsýslusvið

Umbætur í stjórnsýslu Reykjaneshæjar var eitt af forgangsverkefnum sviðsins árið 2017. Sviðið hefur aðstoðað bæjarráð og bæjarstjórn í sínum störfum, aflað gagna og veitt lögfræðilega ráðgjöf og leitað leiða til umbóta og styrkingar á umgjörð stjórnsýslu bæjarins. Miðlæg þjónusta sviðsins tók til allra sviða bæjarins. Þær deildir og stofnanir sem falla undir sviðið eru tölvudeild, upplýsinga- og kynningarmál, þjónustuver, skjalamál, mannaúts- og gæðastjórn, jafnréttismál, atvinnu- og ferðamál sem og menningarstarfsemi bæjarins, listasafn, byggðasafn, Hljómahöll og bókasafn.

Á sviðinu eru 32 fastráðnir starfsmenn. Ráðinn var nýr starfsmaður í tölvudeild á árinu. Þá hófst undirbúningur vegna ráðningar verkefnisstjóra viðskiptaþróunar og persónuverndarfulltrúa.

Meðal helstu verkefna á árinu voru:

- Undirbúningur rafrænnar skjalstjórnunar
- Undirbúningur vegna breytingar á persónuverndarlöggjöfnni og mótun persónuverndarstefnu
- Stefnumótun í upplýsingatækni
- Stefnumótun í ferðaþjónustu lokið
- Unnið að þýðingu sögu- og upplýsingaskilta við Strandleið
- Mótun húsnæðisstefnu
- Unnið að nýjum hönnunarsaðal
- Hugað að breytingum á aðalsýningu í Rokksafni Íslands
- 60 ára afmæli Bókasafns Reykjaneshæjar 7. mars 2018 undirbúið



**Umbætur
styrking
ráðgjöf**

Umbætur í stjórnsýslu Reykjaneshæjar var eitt af forgangsverkefnum ársins 2017.

Reykja nes höfn

Reykjaneshöfn. Hafnaraðstaðan samstendur af smábáthöfninni í Gróf, Hafnahöfn, Helguvíkurhöfn, Keflavíkurhöfn og Njarðvíkurhöfn. Athafnasvæði hafnaraðstöðu er 30.415 m² að stærð. Reykjaneshöfn er B-hluta fyrirtæki innan samstæðu Reykjanesbæjar. Starfsmenn eru sjö.

Reykjaneshöfn

Skipakomur og flutningar

Aukning var í komu fraktskipa til Reykjaneshafnar árið 2017 miðað við síðustu ár og hafa skipakomur nánast tvöfaldast frá árinu 2015. Samhliða aukinni skipaumferð hefur vörumagnið sem fer um hafnir Reykjaneshafnar aukist umtalsvert á síðustu árum. Um Helguvíkurhöfn fer allur innflutningur á flugvélaeldsneyti sem notað er hér á landi. Aukning á flugumferð um Keflavíkurflugvöll hefur því bein áhrif á starfsemi Reykjaneshafnar. Þá hefur innflutning á mól í tengslum við viðhaldsframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli verið umfangmikill á síðustu tveimur árum.

Í öðrum innflutningi um hafnir Reykjaneshafnar á árinu 2017 vegur þungt innflutningur á sementi í tengslum við starfsemi Aalaborg Portland Ísland ehf. í Helguvík.

**Flutningar
skipakomur
landanir
afi**

Eimskipafélag Íslands hf. hóf reglulegar siglingar milli Helguvíkurhafnar og Evrópu á hálfsmánaðar fresti í lok ársins 2016. Upphaf þessara siglinga má rekja til samninga milli Eimskipafélagsins og Sameinaðs Sílikons varðandi flutninga á afurðum þess síðarnefnda. Þessum reglubundu siglingum hefur verið hætt að sinni þar sem útflutningur frá kísilverinu var forsenda þessarar tengingar. Stöðvun á rekstri kísilverins hefur einnig áhrif á komu fraktskipa til Reykjaneshafnar.

Útflutningur frá höfnum Reykjaneshafnar hefur verið frekar takmarkaður undanfarin ár, helst mjöl og lýsi í tengslum við starfsemi Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík.

Reykjaneshöfn er B-hluta fyrirtæki innan samstæðu Reykjanesbæjar.



Landanir og affli

Landað magn af botnfiski hjá Reykjaneshöfn er nokkuð stöðugt milli ára. Meðaltalið síðustu fimm ár er um 4.475 tonn. Á árinu 2017 var landað magn það minnsta á þessu tímabili eða tæp 3,9 þúsund tonn. Magnminnkunin skýrist af m.a. sjómannaverkfallin sem stóð yfir í janúar og fram í febrúar það ár.

Afli í uppsjávarfiski er mun breytilegri á milli ára en affli í botnfiski, jafnt innan tegundar sem og í tegundinni sjálfri. Þær uppsjávartegundir sem um er að ræða eru loðnuafurðir en vertíð loðnu er febrúar og mars, makrílafurðir en vertíð makríls er júlí til september og síldarafurðir þar sem vertíðin er október til desember. Á síðustu fimm árum hafa tvö síðustu ár gefið af sér mun minni uppsjávarafli en þau þrjú sem voru þar á undan. Árið 2017 var magn landaðs uppsjávarfisks 24 þúsund tonn. Þar vege loðnuafurðir þyngst.

Önnur starfsemi

Dráttarbátur hafnarinnar kom að 62 skipakomum til Reykjaneshafnar á árinu 2017. Fjöldinn var 45 árið 2016. Önnur verkefni dráttarbátsins tengjast m.a. komu skipa á ytri höfn Reykjaneshafnar og aðstoð við skip sem tengjast Skipasmíðastöðinni í Njarðvík.

Íssala til viðskiptavina Reykjaneshafnar árið 2017 dróst saman um tæp 20% frá árinu á undan sem var einstaklega gott ár í íssölu. Ástæður þessarar samdráttar má að rekja beint til þess að löndunartíðni smá báta var mun minni árið 2017 en 2016 en sú löndunartíðni dróst saman um 20% milli ára.

Framkvæmdir og viðhald

Farið var í ýmis viðhalds- og framkvæmdaverkefni á árinu á áhöldum og tækjum Reykjaneshafnar. Reykjaneshöfn á fjögur ökutæki og dráttarbátinn Mb. Auðunn. Auk viðhalds á höfnunum sjálfum þurfti að sinna viðhaldi á fasteign við Víkurbraut 11 og á ísturni.

Lóðir og lendur

Heildarfermetrafjöldi lóða á Helguvíkursvæðinu, almennra iðnaðarlóða og lóða undir hafnsækna starfsemi, er 1.377 þúsund m². Búið er að úthluta 25 lóðum sem nema 508 þúsund m² og óúthlutaðar lóðir eru 68 sem nema 869 þúsund m².

Eftirspurnir um lóðir á iðnaðarsvæðinu í Helguvík voru nokkrar 2017 en engar lóðarúthlutanir urðu á árinu.

Fjöldi lóða á Hólamiðum er 22 og um 68 þúsund m² af heildarstærð, þar af er búið að úthluta 6 lóðum sem nema 20 þúsund m² að stærð.